

**Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024**

## **Breytingartillögur vegna endurskoðunar aðalskipulags Reykjavíkur**

**Verkefnislýsing skipulagsgerðar og umhverfismats**

( sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana)

3. júní 2011

**Svæðisskipulagsnefnd  
höfuðborgarsvæðisins**



Reykjavíkurborg

**VSÓ RÁÐGJÖF**

## Efnisyfirlit

1	Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík .....	3
2	Lýsing fyrirhugaðra breytinga á svæðisskipulaginu.....	4
2.1	Yfirlit helstu breytinga .....	5
2.2	Þróun byggðar til 2024. Íbúaspá og aukning byggingarmagns.....	10
2.3	Tilgangur og markmið breytinga .....	11
2.4	Forsendur og gögn.....	11
2.5	Matsskylda.....	11
3	Matslýsing.....	12
3.1	Nálgun umhverfismat – í vinnslu .....	12
3.2	Umhverfisþættir .....	12
3.3	Veruleg áhrif, mótvægisáðgerðir og vöktun.....	14
3.4	Tengsl við aðrar áætlanir.....	15
4	Samráð og kynningar .....	16
5	Umsagnaraðilar .....	16
6	Viðauki 1 – Nýtt aðalskipulag, vinnuferli 2007-2011.....	17
	Viðauki 2 – Tafla 2, vinsun umhverfisþátta .....	19

## 1 Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík

Nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík sem nær til tímabilsins 2010-2030 hefur verið í vinnslu undanfarin ár. Við vinnu þess hefur verið lögð áhersla á vandaðan og ítarlegan undirbúning. Undirbúningurinn hefur falist í margvíslegri greiningarvinnu, mati valkosta og samráði við íbúa og hagsmunaaðila (sjá m.a. vefinn *adalskipulag.is*).

Sumarið 2007 var lögð fram og kynnt verkefnisáætlun endurskoðunar og lýsing á því hvernig yrði staðið að umhverfismati aðalskipulagsins. Af ýmsum ástæðum hefur endurskoðunin gengið hægar fyrir sig en gert var ráð fyrir og nokkrar áherslubreytingar hafa átt sér stað í vinnsluferlinu. Þrátt fyrir það stendur upphafleg verkefnisáætlun í meginatriðum fyrir sínu varðandi megin áherslur, vinnulag og aðferðir. Í viðauka 1 má finna yfirlit yfir vinnsluferli endurskoðunarinnar frá upphafi, endurskoðaða tímaáætlun um lok vinnunnar og yfirlit yfir helstu áherslubreytingar frá upphafi vinnunnar árið 2007.

Vorið 2010 voru lögð fram í stýrihópi endurskoðunar<sup>1</sup>, frumdrög að nýju aðalskipulagi með helstu áherslum og megin markmiðum um byggðaðþróun til ársins 2030 og framtíðarsýn til ársins 2050. Vegna borgarstjórnarkosninga vorið 2010 var frekari kynningu frumdraganna frestað en þau hafa verið til umfjöllunar í núverandi stýrihóp aðalskipulagsins í vetur og nokkrar áherslubreytingar ákveðnar.

Nú liggur fyrir að kynna tillögu að nýju aðalskipulagi fyrir Reykjavík 2010-2030 á seinni hluta þessa árs og því tímabært að setja fram áætlun um hvernig staðið verður að nauðsynlegum breytingum á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins vegna hins nýja aðalskipulags. Þar sem ekki liggja fyrir áform um heildarendurskoðun svæðisskipulagsins er gert ráð fyrir að tillaga að breytingum á núverandi svæðisskipulagi 2001-2024 verði kynnt og afgreidd samhliða nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

Vegna þess að nýtt aðalskipulag mun ná til ársins 2030 en svæðisskipulagið verður áfram með lokaárið 2024, er gerð sérstök grein fyrir þróun í Reykjavík til ársins 2024, miðað við forsendur nýs

---

<sup>1</sup> Stýrihópur borgarfulltrúa hefur leitt endurskoðunarvinnuna frá upphafi. Stýrihópin skipa nú Páll Hjaltason (formaður), Hjámar Sveinsson, Sverrir Bollason, Hólmfríður Jónsdóttir, Júlíus Vífill Ingvarsson, Gísli Marteinn Baldursson og Sóley Tómasdóttir. Auk þess sitja aðrir fulltrúar skipulagsráðs, Elsa Hrafnhildur Yeoman, Jórunn Frimannsdóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir einnig fundina

aðalskipulags, og sú þróun borin saman við forsendur gildandi svæðisskipulags.<sup>2</sup>


## 2 Lýsing fyrirhugaðra breytinga á svæðisskipulaginu

Frumdrög að nýju aðalskipulagi 2010-2030 fyrir Reykjavík er í meginatriðum í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins um byggðaþróun á höfuðborgarsvæðinu. Markmið frumdraganna eru í samræmi við stefnumörkun svæðisskipulagsins um sjálfbæra þróun, þéttingu byggðar, verndarsvæði og græna trefilinn. Áætlanir aðalskipulagsins um vöxt Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins til ársins 2024 og 2030, varðandi heildarfjölda íbúða og byggingarmagn atvinnuhúsnaðis, eru í samræmi við megin forsendur svæðisskipulagsins (sjá kafla *Þróun byggðar til 2024. Íbúaspá og aukning byggingarmagns*). Megin breytingin mun felast í aukinni áherslu á þéttingu byggðar á skipulagstímabilinu sem hefur í för með sér breytta forgangsröðun svæða innan Reykjavíkur (sjá lið nr. 16. *Breyttar áherslur varðandi þéttingu byggðar í Reykjavík. Áhrif á megin markmið svæðisskipulagsins*). Vegna þessa verða gerðar tillögur um töluverða færslu byggingarmagns milli byggðasvæða innan Reykjavíkur.

Stefna um landnotkun og gatnaskipulag verður í stærstu atriðum í samræmi við stefnu svæðisskipulagsins, en tímasetningar uppbyggingar breytist í nokkrum tilvikum. Gerðar verða nokkrar veigamiklar breytingar varðandi staðbundna landnotkun og byggingarmagn á einstaka svæðum. Helstu breytingum og frávikum frá svæðisskipulaginu er lýst hér að neðan.

---

<sup>2</sup> „Ósamræmi“ í skipulagstímabilum aðalskipulagsins og svæðisskipulagsins hefur verið rætt við Skipulagsstofnun, sem telur að þessi framsetning sé forvaranlega ef gerð er sérstaklega grein fyrir þróun Reykjavíkur til ársins 2024 og hún sett í samhengi við forsendur svæðisskipulagsins.



## 1. mynd. Yfirlit fyrirhugaðra breytinga á svæðisskipulaginu

### 2.1 Yfirlit helstu breytinga

#### 1. Landfyllingar við Örfirisey/Eiðsgranda.

Stefna um umfang og staðsetningu landfyllingar fyrir blandaða byggð við Eiðsgranda verður endurskoðuð.

#### 2. Gatnaskipulag á miðborgarsvæði.

Lega og skilgreiningar fyrirhugaðra stofnbrauta við miðborg og í Vatnsmýri verða endurskoðaðar.

#### 3. Stefnumörkun um Vatnsmýri og flugvöllinn. Stefnuákvæði í greinargerð.

Til skoðunar verða nánari ákvæði um þróun svæðisins sem koma fram í kafla 3.2.2. *Flugvallarsvæðið* í greinargerð.

#### 4. Elliðaárvogur.

Til að undirstrika breytta landnotkun og þéttari byggð, verða Súðarvogur og Elliðaárvogur skilgreindir sem reitir fyrir blandaða byggð, sbr. ákvæði gildandi aðalskipulags 2001-2024.

## **5. Geldinganes**

Stefna um landnotkun og tímasetningu uppbyggingar í Geldinganesi verður endurskoðuð.

## **6. Gufunes.**

Stefna um umfang landfyllingar við Gufunesi og tímasetning uppbyggingar verður endurskoðuð.

## **7. Verslunarkjarni við Vesturlandsveg.**

Þjónustukjarni vestan Vesturlandsvegar, við Korputorg, verður skilgreindur til samræmis við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur.

## **8. Úlfarsárdalur.**

Stefna um umfang og tímasetningu uppbyggingar í Úlfarsárdal verður endurskoðuð.

## **9. Hólmsheiði. Atvinnusvæði og vatnsvernd.**

Afmörkun athafnasvæðis í Hólmsheiði við Suðurlandsveg verður endurskoðuð og umfang uppbyggingar þar. Skilgreining vatnsverndar á svæðinu verður skoðuð sérstaklega við heildarendurskoðun á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu.

## **10. Álfsnes – norður.**

Til athugunar er að skilgreina nýtt iðnaðar- og hafnarsvæði á norðanverðu Álfsnesi við Kollafjörð.

## **11. Álfsnes – sorpförgunarstaður**


Stefna um skipulag sorpförgunar í Álfsnesi verður endurskoðuð.

## **12. Esjumelar.**

Afmörkun atvinnusvæða við Esjumela verður endurskoðuð og umfang uppbyggingar endurmetið.

## **13. Vesturlandsvegur.**

Skilgreining Vesturlandsvegar á Kjalarnesi verður endurskoðuðu.



**2. mynd. Skilgreind byggðasvæði í svæðisskipulaginu (mynd 3.2. í greinargerð svæðisskipulags). Breytingar á byggingarmagni í væntanlegri tillögu ná til flestra byggðasvæða innan Reykjavíkur.**

#### **14. Græni trefillinn – afmörkun.**

Gerðar eru lagfæringar á afmörkun græna trefilsins á nokkrum svæðum, einkum á Kjalarnesi, m.a. til samræmis við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur.

#### **15. Breytingar á byggingarmagni á einstökum byggðasvæðum.**

Vegna aukinnar áherslu á þéttingu byggðar innan núverandi byggðar í Reykjavík eru gerðar breytingar á byggingarmagn á all flestum byggðasvæðum (sjá 2. mynd), sbr. tafla 3.1. og 3.2. í svæðisskipulaginu. Heildarbreytingar á byggingarmagni íbúðarhúsnæðis og

atvinnuhúsnæðis eru aftur á móti í ágætu samræmi við áætlanir gildandi svæðisskipulags um byggingarmagn til ársins 2024 í Reykjavík.<sup>3</sup>

## **16. Breyttar áherslur varðandi þéttingu byggðar í Reykjavík. Áhrif á megin markmið svæðisskipulagsins.**

Í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 m.s.br. og svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 m.s.br. er gert ráð fyrir því að um 50% allra nýrra íbúða á skipulagstímabilinu rísi innan núverandi byggðar. Í fyrirbyggjandi frumdrögum að nýju aðalskipulagi er gert ráð fyrir að þetta hlutfall verði mun hærra. Þetta hefur í för með sér að uppbygging á þéttingar- og þróunarsvæðum í vesturhluta Reykjavíkur (byggðasvæði nr. 1-9, ásamt vestasta hluta svæðis nr. 10) er sett í forgang. Almenn má segja að svæði með miðlæga legu innan núverandi byggðar sem liggja vel við samgöngum, sérstaklega almenningssamgöngum munu njóta forgangs.

Þessi stefnubreyting er veigamikil og er lögð áhersla á að skoða áhrif hennar gaumgæfilega við mótun tillagna og umhverfismat þeirra. Óhætt er að segja að hún samræmist vel megin markmiðum svæðisskipulagsins um þéttari, blandaðri og samfelldari borgarmynd á höfuðborgarsvæðinu, sem styður við fjölbreytta ferðamáta og styttr vegalengdir (sjá megin markmið svæðisskipulags á bls. 42-43 í greinargerð svæðisskipulagsins). Stefnubreytingin samræmist einnig vel markmiðum um samtvinnað skipulag almenningssamgangna og þéttrar byggðar („línubæjarskipulag“, sjá markmið á bls 44-45) og styður almennt við markmið um eflingu almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu (sjá bls. 65 í greinargerð svæðisskipulagsins). Áhrif stefnubreytingar á skipulag stofnbrautarkerfisins og það megin markmið „að umferð gangi greiðlega á þeim stofnbrautum þar sem þegar eru mismæg gatnamót eða þau fyrirhuguð“ (bls. 62 í greinargerð) er meira álitamál.

---

<sup>3</sup> Í töflu 3.2. í greinargerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins er sett fram áætluð uppbyggingu atvinnuhúsnæðis eftir sveitarfélögum og skilgreindum byggðasvæðum á skipulagstímabilinu til ársins 2024. Tölur um byggingarmagn árið 2024 í töflunni, endurspeglar þannig áætlaða aukningu atvinnuhúsnæðis miðað við gefna íbúaspá svæðisskipulagsins en ekki byggingarmagn miðað við fullbyggð svæði, eins og þau eru afmörkuð á skipulagsupprætti svæðisskipulags. Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 setur hinsvegar fram magn atvinnuhúsnæðis miðað fullbyggð svæði, sbr. afmörkun þeirra á þéttbýlisupprætti og gefin viðmið um nýtingu svæða. Í aðalskipulaginu er ekki sett fram tímasett áætlun um uppbyggingu svæða, sbr. tafla 3.2. í svæðisskipulaginu, þ.e. hversu stór hluti tiltekins atvinnusvæðis verður uppbyggður árið 2024 miðað við gefna íbúaspá. Þessi mismunur í framsetningu, sem lá fyrir við staðfestingu aðal- og svæðisskipulagsins á sínum tíma, þarf að hafa í huga þegar tölur um byggingarmagn í aðal- svæðisskipulagi eru samlesnar.



Stuðst verður við umferðarlíkan sem nær til alls höfuðborgarsvæðisins, við skoðun á áhrifum aukinnar þéttingar. Í umferðarreikningum verða lagðir til grundvallar skipulagstölur samkvæmt gildandi svæðisskipulagi fyrir nágrennasveitarfélögin og forsendur íbúa- og starfaspár svæðisskipulagsins 2001-2024.<sup>4</sup>

Meðal þess sem verður skoðað eru áhrif aukinnar þéttingar á þjónustustig stofnbrautarkerfisins, samræmi við markmið um skipulag og þróun stofnbrautarkerfisins, markmið um eflingu almenningssamgangna og áhrif á uppbyggingu og þróun miðkjarna (sjá nánar lýsingu umhverfismats).

### **Samantekt**

Það er álit Reykjavíkurborgar að þrátt fyrir töluverðar áherslubreytingar í stefnu um uppbyggingu og þróun byggðar, muni nýtt aðalskipulag fyrir Reykjavík ekki kalla á heildar endurskoðun svæðisskipulagsins. Við mótun tillögu og mat á öllum mögulegum breytingum eru lagðar til grundvallar forsendur og markmið gildandi svæðisskipulags og m.a. gerðir nauðsynlegir umferðarreikningar sem ná til alls höfuðborgarsvæðisins. Almennt er gert ráð fyrir að ákvarðanir um verulegar breytingar í stofnbrautarkerfinu, s.s. skilgreiningar stofnbrauta með veigamikið svæðisbundið hlutverk, verði vísað til heildar endurskoðunar svæðisskipulagsins.

---

<sup>4</sup> Sjá kafla 4 í greinargerð svæðisskipulagsins, fylgirit nr. 2 *Skipulagstölur* (maí 2002). Einnig úttekt Verkis á framfylgd svæðisskipulagsins, *Þróun byggðar-skipulagsstölur* (september 2009)

## 2.2 Þróun byggðar til 2024. Íbúaspá og aukning byggingarmagns

Áætlanir í frumdrögum nýs aðalskipulags, um byggingu íbúða og atvinnuhúsnæðis í Reykjavík til ársins 2024, eru í samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001-2024 m.s.br. og þær megin forsendur sem settar eru fram svæðisskipulaginu við staðfestingu þess árið 2002.

Áætlanir nýs aðalskipulags grundvallast á spá Hagstofunnar (desember 2008/júlí 2010) um fjölgun landsmanna til ársins 2050 (2060). Megin forsendan í áætlun aðalskipulagsins er að Reykjavík og höfuðborgarsvæðið, ásamt suðvesturhorninu (jaðarbyggðum), verði áfram helsta vaxtarsvæði landsins. Sama megin forsenda gildir fyrir íbúaspá svæðisskipulagsins 2001-2024.

Samkvæmt forsendum nýs aðalskipulags gætu íbúar Reykjavíkur orðið um 135 þúsund árið 2024 og 143 þúsund árið 2030 (miðspá). Spá svæðisskipulagsins og stefnumörkun, samkvæmt upprunalegum forsendum, gerir ráð fyrir að íbúar Reykjavíkur verði 133.800 árið 2024. Frumdrög að nýju aðalskipulagi áætla að árleg íbúðarpörf í Reykjavík verði 700 íbúðir til ársins 2030 og 650 íbúðir til ársins 2024. Svæðisskipulagið, miðað við upprunalegar forsendur, gerði ráð fyrir 620 íbúðum á ári að meðaltali í Reykjavík til ársins 2024. Svæðisskipulagið með síðari breytingum, reiknar hinsvegar með 720 íbúðum á ári í Reykjavík til ársins 2024.<sup>5</sup>

Samkvæmt frumdrögum aðalskipulagsins er gert ráð fyrir að árleg þörf fyrir nýtt atvinnuhúsnæði (nettóaukning) í Reykjavík verði um 50-60 þúsund fermetrar á ári til ársins 2030. Gera má ráð fyrir að meðaltalið til ársins 2024 verði ívið lægra. Svæðisskipulagið, staðfest 2002, gerði ráð fyrir um 52 þúsund fermetra aukningu atvinnuhúsnæðis á ári í Reykjavík og með síðari breytingum er þessi tala komin í tæplega 54 þúsund fermetra í gildandi svæðisskipulagi. Áætlanir nýs aðalskipulags grundvallast á sömu megin forsendum og svæðisskipulagið, um breytingar á vægi atvinnugreina og þörf fyrir mismunandi gerðir atvinnuhúsnæðis. Þannig er áfram gert ráð fyrir að megin hluti nýs

<sup>5</sup> Forsendur íbúaspár svæðisskipulagsins voru ekki endurskoðaðar vegna einstakra breytinga á svæðisskipulaginu 2003-2010. Því má ætla að ofmat felist í núgildandi svæðisskipulagi um hraða uppbyggingar. Sjá úttekt Verkis á framfylgd svæðisskipulagsins, *Þróun byggðar-skipulagsstölur* (september 2009), bls. 10.

atvinnuhúsnæðis verði skrifstofur og þjónustuhúsnæði, en aukning iðnaðarhúsnæðis og vörugæymsla verði fremur lítil (felst fyrst og fremst í endurnýjun húsnæðis vegna endurskipulagningar eldri iðnaðarsvæða).

Forsendur um íbúafjölgun og þróun atvinnulífs á höfuðborgarsvæðinu verða skoðaðar nánar við mótun tillagna og settar fram með ítarlegum hætti í framlögðum kynningargögnum.

### **2.3 Tilgangur og markmið breytinga**

Mögulegar breytingar eru í samræmi við megin markmið svæðisskipulagsins um uppbyggingu og þróun höfuðborgarsvæðisins. Markmið breytinganna er:

- Að svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins endurspegli endurskoðaða framtíðarsýn Reykjavíkur um uppbyggingu og þróun byggðar

### **2.4 Forsendur og gögn**

Gögn sem lögð eru til grundvallar við gerð svæðisskipulagsbreytingar eru þau sömu og lögð eru til grundvallar við heildarendurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Við endurskoðun aðalskipulagsins hefur verið lögð áhersla að horfa til höfuðborgarsvæðisins alls við mótun valkosta um byggðaðróun til lengri tíma litið og við umferðarreikninga. Stuðst verður við skipulagstölur frá nágrennasveitarfélögunum við gerð umferðarspáa. Sjá að öðru leyti kafla um lýsingu umhverfismats.

### **2.5 Matsskylda**

Tillagan felur í sér stefnumörkun er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Á þeim grundvelli er lagt fram umhverfismat (sbr. lög nr. 105/2006) með svæðisskipulagsbreytingunni.

### **3 Matslýsing**

Matslýsingin er unnin í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

#### **3.1 Nálgun umhverfismat – í vinnslu**

Matsvinna verður unnin samhliða fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu.

Umfjöllun um áhrif breytinga á svæðisskipulagi mun fyrst og fremst snúa að afmörkuðum breytingum á landnotkun, sbr. kafli 2.hér að framan.

Umfjöllun um áhrif breytinga á svæðisskipulagi mun einnig snúa að áherslum í almennri stefnumörkun svæðisskipulagsins, s.s. í samhengi við megin markmið svæðisskipulags um þróun byggðar (sjá bls. 41-45 í greinargerð svæðisskipulagsins), skipulag miðkjarna (bls. 54-57) markmið um uppbyggingu og þróun stofnbrautarkerfisins: (sjá 62-64) og eflingu almenningsgangna (bls. 65-66).

#### **3.2 Umhverfisþættir**

Breytingar á svæðisskipulaginu eru margvíslegar og kunna að hafa áhrif á fjölda umhverfisþátta. Áhrifin kunna að vera jákvæð og neikvæð. Umhverfisþáttum sem voru til athugunar við undirbúning matsvinnu var skipað í 4 megin flokka, þ.e. náttúrufar, samfélag, loftgæði og auðlindir.

Í viðauka matslýsingu er sett fram yfirlit með þeim umhverfisþáttum sem voru til skoðunar, í hverjum flokk fyrir sig, við undirbúning umhverfismats. Yfirlitið sýnir jafnframt lykilsurningar matsvinnu sem voru til hliðsjónar við val á þeim þáttum sem verða til frekari umfjöllunar í matsvinnunni.

Fyrirhugaðar breytingar svæðisskipulags voru ræddar með tilliti til samlegðaráhrifa sem þau koma líklegast til með að valda á hina ýmsu umhverfisþætti. Niðurstaða þessara vinnu er að í umhverfismati breytinga á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins verður fjallað um áhrif á samgöngur, ásýnd og útivistarsvæði. Áhrif fyrirhugaðra breytinga svæðisskipulagsins á aðra umhverfisþætti eru talin vera óveruleg m.v. almenna umfjöllun á þessu skipulagsstigi.

**Tafla 1 Yfirlit um umhverfisþætti, megin áhrifaþætti og áherslur í UMÁ**

Umhverfisþáttur	Umfjöllun í umhverfismati vegna breytinga á svæðisskipulagi
<b>Samgöngur: Umferð, losun gróðurhúsalofttegunda, lýðheilsa</b>	
Áhrifaþáttur	<p>Aukning á þéttari og blandaðri byggð á ýmsum stöðum í Reykjavík og dregið úr dreifingu byggðar :</p> <p>Landfyllingar og byggð í Örfirisey</p> <p>Blönduð byggð í Geldinganes í staðinn fyrir iðnaðar- og hafnarsvæði.</p> <p>Breytt landnotkun með þéttari og blandaðri byggð í Elliðaárvogi.</p> <p>Aukin þéttleiki og byggingarmagn á stökum byggðasvæðum með aukinna áherslu á þéttingu.</p>
Eðli áhrifa og áherslur í umhverfismati	<p>Þétt og blönduð byggð skapar forsendur fyrir breytingar á eðli samgangna þar sem þéttleikinn er mikil. Fyrst og fremst er hér horft til almenningsamgangna.</p> <p>Blönduð byggð dregur úr ferðaþörf með einkabílnum en hún gerir íbúum frekar kleyft að ganga eða hjóla.</p> <p>Fækkun og tilfærsla ferða frá einkabílnum yfir í aðra ferðamáta hefur margvísleg áhrif á umhverfið.</p> <p>Nefna má losun gróðurhúsalofttegunda, staðbundin loftgæði, hljóðvist, ásýnd borgarrýmis og umferðarmannvirkja, hreyfingu og heilsu íbúar.</p>
Eðli umfjöllunar og forsendur mats	Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið. Spá um umferð m.t.t. val á ferðamáta og þéttleika.
<b>Ásýnd</b>	
Áhrifaþáttur	<p>Stefnumarkandi ákvörðun um staðsetningu iðnaðar og athafnasvæðis við aðkomu byggðar.</p> <p>Stefna um þéttingu og blöndun byggðar helst í hendur við að skilgreina væði fyrir grófari og plássfreka starfsemi og athafnarsvæði í jaðri byggðar:</p> <p>Álfsnes. Nýtt iðnaðar- og athafnarsvæði á norðanverðu Álfsnesi. Framtíð sorpvinnslu í Álfsnesi.</p> <p>Esjumelar. Aukið byggingarmagn fyrir iðnað- og athafnarsvæði.</p> <p>Hólmsheiði. Dregið úr umfang athafnarsvæðis.</p>
Eðli áhrifa og áherslur í umhverfismati	<p>Stefna um þéttingu og blöndun byggðar gefur byggðinni heilstæðari og samræmdari birtingarmynd.</p> <p>Á móti kemur að neikvæð áhrif kunna að verða við aðkomu byggðar vegna stórra iðnaðar og athafnarsvæða í jaðri hennar.</p>
Eðli umfjöllunar og forsendur mats	Almenn umfjöllun um ásýnd svæða og eðli breytinga.

Umhverfisþáttur	Umfjöllun í umhverfismati vegna breytinga á svæðisskipulagi
<b>Útivist</b>	
Áhrifaþáttur	Iðnaður og athafnarsvæði á Esjumelum og Álfsnesi Byggð í Elliðaárvogi
Eðli áhrifa og áherslur í umhverfismati	Uppbygging og starfsemi geta haft áhrif á gildi útivistarsvæða í nágreninu, s.s. í Mosfellsbær og Esju.
Eðli umfjöllunar og forsendur mats	Almenn umfjöllun um fjarlægð athafnarsvæða frá útivistarsvæðum og möguleg áhrif.
<b>Sjór og strandlengja</b>	
Áhrifaþáttur	Breyting á landnotkun í Geldinganesi og Álfsnesi.
Eðli áhrifa og áherslur í umhverfismati	Líklega – umhverfismatið þarf að fjalla nánar um jákvæð áhrif þess að flytja iðnað og hafnarstarfsemi frá Geldinganesi – og hlífa þar náttúrulegri strandlengju, en einnig um möguleg neikvæð áhrif þess að skipuleggja iðnað og hafnarstarfsemi í Álfsnesi.
Eðli umfjöllunar og forsendur mats	Umfjöllun um ástand svæða m.v. fyrirbyggjandi upplýsinga um náttúruvar og landnotkun.
<b>Sorp</b>	
Áhrifaþáttur	Álfsnes. Stefnumörkun um framtíð sorpvinnslu.
Eðli áhrifa og áherslur í umhverfismati	Staðsetning getur haft neikvæð áhrif á aðliggjandi svæði vegna eðli starfseminnar.
Eðli umfjöllunar og forsendur mats	Mögulega neikvæð áhrif á aðliggjandi svæði. Er þörf fyrir endurskoðun á staðsetningu?

### 3.3 Veruleg áhrif, mótvægisáðgerðir og vöktun

Stýrihópur svæðisskipulags mun með aðstoð sérfræðinga leggja mat á umhverfisáhrif breytinga á svæðisskipulaginu. Við mat á vægi mun nefndin leita til fagstofnana og hugsanlega sérfræðinga á sviði viðkomandi umhverfisþátta.

Í matsvinnu verða veruleg neikvæð áhrif skilgreind ef eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum eiga við: Áhrif eru varanleg, skapa hættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið, ná til stórs svæðis og/eða fjölda fólks, ganga gegn stefnumiðum stjórnvalda, lögum og reglum, alþjóðlegum samningum eða öðrum áætlunum sem í gildi eru.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð mun vinnuhópurinn kanna hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum eða

kanna hvort gera þurfi á vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfispátt.

Í tilvikum þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir óvissu og hvort að hún sé háð útfærslu á síðari stigum s.s. við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur, gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda.

### **3.4 Tengsl við aðrar áætlanir**

Í umhverfismatinu verður litið til þess hvort fyrirhuguð breyting á svæðisskipulagi er í samræmi við aðrar áætlanir. Þær áætlanir sem verður litið til eru:

- Samgönguáætlun 2003-2014.
- Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs
- Aðalskipulag sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.
- Samþykktar áætlanir og stefnumörkun Reykjavíkurborgar, s.s. í umhverfismálum.

#### 4 Samráð og kynningar

Breytingin á svæðisskipulaginu verður kynnt og auglýst samhliða tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.:

- Verkefnislýsing þessi verður kynnt og lögð til umsagnar í *aprílmaí 2011*, sbr. 1. mgr. 23 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Lýsingin verður send til umsagnaraðila og gerð aðgengileg á vefsvæðum SSH og skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar. Vakin verður athygli á henni með auglýsingu í fjölmiðli.
- Drög að svæðisskipulagsbreytingu og umhverfismati verða kynnt á opnum fundi í *september 2011*, ásamt tillögu að nýju aðalskipulagi sbr. 2. mgr. 23 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagstillögur verða einnig kynntar umsagnaraðilum.
- Áformað er að samþykkja svæðisskipulagsbreytingu í auglýsingu í *október 2011*, sbr. 3. mgr. 23 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Opinber auglýsing tillögu í *október-nóvember 2011*, ásamt tillögu að nýju aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, sbr. 24 gr. skipulagslaga nr. 123/2010
- Stefnt að staðfestingu tillögu eigi síðar en í byrjun árs 2012

#### 5 Umsagnaraðilar:

Skipulagsstofnun, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Flugmálastjórn Íslands, Isavia, Fornleifavernd ríkisins, Veðurstofa Íslands, Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Siglingastofnun, Skógrækt ríkisins, - Faxaflóahafnir, Orkuveita Reykjavíkur - Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær, Seltjarnarnes, Álftanes, Kjósarhreppur



## 6 Viðauki 1 – Nýtt aðalskipulag, vinnuferli 2007-2011

Kynning I	Júní 2006	Ákvörðun um endurskoðun – stofnun stýrihóps
	September 2006- Maí 2007	Undirbúningur og mótun verkefnis
	Júní 2007	Verklýsing- áfangaskýrsla. Send til umsagnaraðila
	Júní 2007	Matslýsing. Umhverfismat. Send til umsagnaraðila
	Júní 2007- Febrúar2008	Greining forsenda – íbúaspá ofl. Mótun skipulagskosta 2030+ (2050) Mat kosta (1. áfangi umhverfismats)
Kynning II	Febrúar 2008-September 2008	Hlé á starfi stýrihóps
	Október 2008-Maí 2009	Nýr stýrihópur Endurskoðun verk- og samráðsáætlunar Skilgreining lykilsvæða og lykil málaflokka (vinnuhópar stofnaðir) Megin markmið og leiðarljós sett fram
		Verkefnið kynnt. Blaðamannafundur og opnun upplýsingasiðu Opin hús í hverfum (10 fundir). Megin áherslur nýs aðalskipulags Fagfundir í Hafnarhúsi (5 lykil málaflokkar) Vinnufundir á Kjarvalsstöðum með fag- og hagsmunaaðilum
	Mars 2010-Júní 2010	Mótun tillögu (frumdrög). Byggingaþróun til 2030
	September 2010-Mars 2011	Mótun tillögu hverfi fyrir hverfi Stefnumörkun í völdum málaflokkum Rýni og endurmat á frumdrögum Svæðisskipulagsbreyting. Undirbúningur Umhverfismat (2. áfangi). Undirbúningur Umferðarreikningar. Undirbúningur
	Apríl 2011-Júní 2011	Mótun heildstæðrar tillögu (heildstæð tillaga) Umhverfismat og umferðarspá Svæðisskipulag. Verklýsing sbr. 1.mgr. 23. gr.
		<b>Kynningarferli júní-desember 2011:</b>
Kynning III	Júní 2011-Október 2011	Frágangur heildstæðrar tillögu Kynning innan borgar (ráð og nefndir) Kynning í hverfum borgarinnar (10 fundir), sbr. 2. mgr. 30. gr Til umsagnar á hjá opinberum aðilum, sbr. 2. mgr. 30. gr Umsagnir og athugasemdir rýndar
		Lögformleg tillaga frágengin Opin íbúafundur, kynning nr. 2, sbr. 2. mgr. 30. gr Tillaga að nýju aðalskipulagi samþykkt í auglýsingu Tillaga (tillögur) sendar Skipulagsstofnun, sbr. 3. mgr. 30.gr
Kynning IV		
Kynning V	Október 2011-Nóvember 2011	Auglýsing tillögu , sbr. 31. gr. ásamt svæðisskipulagstillögu
	Desember 2011	Tillaga endurmetin m.t.t. athugasemda, sbr. 1. mgr., 32.gr. Samþykkt til staðfestingar , sbr. 2. mgr. 32. gr.

## Nýtt aðalskipulag. Helstu áherslubreytingar 2007-2011

- Lykil viðfangsefni endurskoðunar, varðandi staðbundna landnotkun og samgöngukerfi, eru í megin atriðum þau sömu og skilgreind eru í upphaflegri verkefnisáætlun.
- Megin breytingin, efnislega séð, felst í aukinni áherslu á þéttingu byggðar og þar með breytta forgangsröðun svæða. Lykilsvæði í útjaðri byggðar fá minna vægi á skipulagstímabilinu. Sumpart er þessi áherslubreyting niðurstaða umhverfismats valkosta til ársins 2030+, en því matsferli er lýst í verkefnisáætluninni og matslýsingunni
- Önnur mikilvæg efnisleg breyting er aukið vægi stefnumörkunar er varðar gæði og yfirbragð byggðar. Ákveðið var að stofna fjölmarga vinnuhópa um sértæka stefnumörkun aðalskipulagsins, s.s. varðandi gæði í manngerðu umhverfi, borgarvernd, hæðir húsa, vistvæn hverfi, framtíðar íbúðarhverfið og húsnæðisstefnu ofl. (sjá aðalskipulag.is). Markmiðið með þessari áherslubreytingu er að tengja betur saman stefnu aðalskipulags og neðri skipulagsstiga; gera aðalskipulagið að öflugra stjórnæki.
- Aðrar áherslubreytingar varða einkum vinnulag og framsetningu aðalskipulagsins. Þar vegur þyngst ákvörðun um mun ítarlegra samráð við íbúa borgarinnar sem fólst m.a. í opnum húsum og hugmyndapíngum í öllum 10 hverfum borgarinnar. Gerð var grein fyrir þessu við opnun aðalskipulagsvefsins haustið 2009. Þetta vinnulag við samráð leiddi enn fremur til þess að ákveðið var að setja fram aðalskipulagið með mun skýrari og ítarlegri hætti fyrir hverfi borgarinnar en áður hefur tíðkast. Gerð verður grein fyrir aðalskipulagi hvers hverfis borgarinnar í sérkafla í greinargerð aðalskipulagsins. Áformað er að kynna aðalskipulagstillöguna á ný í öllum hverfum borgarinnar, þar sem áherslan verður á breytingar í viðkomandi hverfi. Þetta vinnulag og þessi framsetning er liður í því að færa aðalskipulagið nær íbúunum og bæta upplýsingagjöf til þeirra.
- Tímasetningar kynningarfunda og samráðs hafa eðlilega riðlast nokkuð oft, en upplýsingar um breyttar tímasetningar hafa verið settar fram á aðalskipulagsvefnum.

## **Viðauki 2 – Tafla 2, vinsun umhverfispátta**

Viðauki 1 - Tafla 2 Yfirlit um umhverfisþætti, megin upplýsinga sem stuðst er við, matsspurningar og viðmið í mat á vægi áhrifa

Umhverfisþáttur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Frekari umfjöllun í matinu?
1. Náttúrufar				
1.1 Jarðfræði og jarðmyndanir	<p>Upplýsingar úr AR 2001-2024. (verndarsvæði)</p> <p>Jarðfræðikort af Reykjavík.</p> <p>Afmörkun jarðmyndana með verndargildi.</p> <p>Náttúruminjaskrá.</p>	<p>○ Jarðfræði eða jarðmyndanir með verndargildi?</p>	<p>Velferð til framtíðar - Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020.</p> <p>Lög um náttúruvernd 44/1999 (m.a. 37. gr.)</p> <p>Náttúruverndaráætlun 2004-2008</p>	<p>Nei - Svæðisskipulagsbreytingar hafa ekki áhrif á jarðmyndanir með verndargildi.</p>
1.2 Vatnafar	<p>Upplýsingar úr AR 2001-2024. (vötn og vatnsverndarsvæði)</p> <p>Vatnsverndarsvæði á höfuðborgarsvæðinu.</p> <p>Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006</p>	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <p>○ Vatnsverndarsvæði (brunn-, grann-eða fjarsvæði)?</p> <p>○ Vötn sem eru stærri en 1.000 m<sup>2</sup>?</p> <p>○ Ár og læki?</p>	<p>Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.</p> <p>Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.</p> <p>Reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.</p> <p>37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd</p>	<p>Nei - Svæðisskipulagsbreytingar hafa ekki áhrif á vatnafar.</p>
1.3 Lífríki (gróður og dýr)	<p>Fyrirliggjandi gögn um lífríki (RALA, Náttúrufræðistofnun Íslands, o.fl.)</p> <p>Válistar Náttúrufræðistofnunar</p> <p>Verndarsvæði (sjá liði 1.2, 1.4 og 4.2)</p>	<p>Hefur áætlun áhrif:</p> <p>○ Stærð verndarsvæða?</p> <p>○ Mikilvæg búsvæði?</p> <p>○ Mikilvæg gróðursvæði?</p> <p>○ Votlendi?</p> <p>○ Líffræðilegan fjölbreytileika?</p>	<p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020.</p> <p>37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd</p> <p>Río-samningur um líffræðilegan fjölbreytileika, Bernarsamningur um verndun búsvæða.</p> <p>Samráð/álit Umhverfisstofnunar, Veiðimálastofnun,</p>	<p>Nei - Svæðisskipulagsbreytingar hafa ekki áhrif á vatnafar.</p>
1.4 Sjóir og strandlengja	<p>Upplýsingar úr AR 2001-2024.</p> <p>Náttúruminjaskrá.</p> <p>Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (4. kafli um vatnsgæði)</p>	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <p>○ Strandlengjuna?</p> <p>○ Fjölda saurgerla við strandlengju?</p> <p>○ Fæðuöflun fugla?</p>	<p>Náttúruminjaskrá.</p> <p>37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd</p>	<p>Líklega – umhverfismatið þarf að fjalla nánar um jákvæð áhrif þess að flytja iðnað og hafnarstarfsemi frá Geldinganesi – og hlífa þar náttúrulegri strandlengju, en einnig um möguleg neikvæð áhrif þess að skipuleggja iðnað og hafnarstarfsemi í Álfsnesi.</p>

Umhverfisþáttur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Frekari umfjöllun í matinu?
2. Loftgæði				
2.1 Loftgæði	<p>Upplýsingar úr AR 2001-2024. (verndarsvæði)</p> <p>Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (5. kafli um samgöngur)</p> <p>Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið</p>	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Loftgæði?</li> <li>○ Fjöldi daga sem magn svifryks fer yfir heilsuverndarmörk?</li> </ul>	<p>Stefnumið ASKR</p> <p>Reykjavík í mótun</p> <p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar</p> <p>Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.</p> <p>Samráð/álit Umhverfisstofnunar.</p>	Já – sterkari stefna um breytta ferðamáta, sbr. hugmyndafræði við samgönguás. Þéttari og blandaðri byggð.
2.2 Losun gróðurhúsalofttegunda	<p>Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006. Viðauki I</p> <p>Útreikningar Umhverfisstofnunar á losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi (fyrir umhverfisráðuneytið).</p> <p>Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið</p>	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Áætlaða losun á gróðurhúsalofttegundum í Reykjavík?</li> <li>○ Samkomulag Íslands í Kyoto bókuninni?</li> </ul>	<p>Stefnumið ASKR</p> <p>Reykjavík í mótun</p> <p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar</p> <p>Kyoto bókunin</p>	Já – stefna um fjölbreyttari ferðamáta og færri ferðir í Rvk stykir trúverðuleika Svsk.
3. Samfélag				
3.1 Samgöngur	<p>Upplýsingar úr AR 2001-2024. (samgöngukerfi)</p> <p>Svæðisskipulag 2001-2024 (samgöngukerfi)</p> <p>Umferðarspá Vegagerðarinnar (2005)</p> <p>Reiknilíkan umferðar fyrir höfuðborgarsvæðið (Vegagerðin, Reykjavíkurborg, VSÓ Ráðgjöf)</p> <p>Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (5. kafli um samgöngur)</p> <p>Samgönguáætlun 2003-2014</p> <p>Reykjavíkurlugvöllur – framtíðarstaðsetning.</p>	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Ferðavenjur og fjöldi ferða?</li> <li>○ Akstursvegalemdir?</li> <li>○ Landrymi fyrir samgöngumannvirki?</li> <li>○ Þjónustustig samgöngukerfis?</li> <li>○ Liði 2.1 og 2.2?</li> <li>○ Stöðu höfuðborgar?</li> <li>○ Ath. göngu- og hjólaleiðir?</li> <li>○ Stöðu almenningssamgangna</li> </ul>	<p>Stefnumið svæðisskipulags</p> <p>Reykjavík í mótun</p> <p>Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar</p> <p>Samgönguáætlun 2002-2014</p> <p>Ask sveitarfélaga</p> <p>Samráð/álit: Vegagerðin, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, samgönguráðuneyti.</p> <p>Hjólaborgin. Stefna Rvk um hjólreiðasamgöngur</p>	Já – stefnt að taslerðum breytingum – minni þörf fyrir umferð og fjölbreyttari ferðamátar
3.2 Heilsa	Umferðarlíkan fyrir höfuðborgarsvæðið (sjá 3.1)	<p>Hefur áætlun áhrif á:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Loftgæði (sbr. 2.1)?</li> </ul>	<p>Reglugerð 933/1999 um hávaða.</p> <p>Reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði.</p>	Já – skilgreina þarf jákvæð áhrif á heilsu vegna breyttra ferðamáta og

Umhverfisþáttur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Frekari umfjöllun í matinu?
	Reglugerð nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða. Upplýsingar um vatn sbr. 1.2 Stígakerfi borgarinnar	<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fjölda/stærð svæða þar sem hljóðstig er yfir viðmiðunarmörkum?</li> </ul>	Sjá 1.2 um vatn Samráð/álit: Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu	orkuskipti.
3.3 Menningarminjar	Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 (fornminjar) Aðalskráning Reykjavíkurborgar Fornleifaskrá Reykjavíkur. Húsvendarskrá Reykjavíkur.	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fornminjar?</li> <li>○ Húsværend?</li> <li>○ Búsetu/menningarlandslag?</li> </ul>	Lög nr. 107/2001 um þjóðminjar. Samráð/álit: Minjasafn Reykjavíkur ( SL Fornleifavernd ríkisins.)	Nei – vísað á síðari stig ákvarðanatöku.
3.4 Öryggi	Eurocode 8 (mannvirki á jarðskjálftasvæði) ásamt viðeigandi þjóðarskjali.	Er/verður náttúruvá til staðar á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Núverandi byggðasvæðum?</li> <li>○ Nýjum byggðasvæðum?</li> </ul>	Samráð/álit m.a. Framkvæmdasviðs	Nei
<b>4. Auðlindir</b>				
4.1 Landrymi	Upplýsingar úr AR 2001-2024. Stærð lands Reykjavíkurborgar. Stærð byggðra svæða í Reykjavík. Upplýsingar um nýtingu (íbúðir/ha) um heild og svæðisbundnar tölur	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Stærð byggðra svæða?</li> <li>○ Nýtingu landrymis (íbúðir/ha) og samgöngur?</li> </ul>	Stefnumið og Reykjavík í mótun Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar	Já – dregið er úr landþörf m.v. fyrri skipulagi með því að nýta betur nú þegar röskuð svæði.
4.2 Verndarsvæði	Náttúruvinnjaskrá. Aðalskipulag Reykjavíkur um verndarsvæði, skógræktarsvæði og hverfisverndarsvæði. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins (græni trefilinn, vatnsvernd o.fl.) Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (7. kafli um gæði ytra umhverfis) Náttúruverndaráætlun 2004-2008	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Stærð verndarsvæða?</li> <li>○ Gæði/eðli verndarsvæða?</li> <li>○ Hlutfall milli byggðs og óbyggðs lands</li> </ul>	Stefnumið ASKR Reykjavík í mótun Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020. Ask aðlægra sveitarfélaga Samráð/álit: Umhverfissvið Reykjavíkurborgar, Umhverfisstofnun, sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu,	Nei – á ekki við – breytingar munu ekki hafa áhrif á verndarsvæði.

Umhverfisþáttur	Upplýsingar	Matsspurning	Viðmið	Frekari umfjöllun í matinu?
4.3 Útivistarsvæði	Aðalskipulag Reykjavíkur um útivistarsvæði Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (7. kafli um gæði ytra umhverfis)	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Aðgengi að útivistarsvæðum?</li> <li>○ Stærð og fjöldi útivistarsvæða?</li> <li>○ Stærð og fjöldi opinna svæða?</li> </ul>	Stefnumið ASKR Reykjavík í mótun Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar	Já – mögulega hafa breytingar neikvæð áhrif á nærliggjandi útivistarsvæðum. Fjalla þarf nánar um: Uppbyggingu í Álfsnesi og Esjumelum verðandi áhrif á Fólkvang í Esju.
4.4 Orkunotkun	Umhverfisvísar Reykjavíkurborgar 2002-2006 (3. kafli auðlindanotkun) Eldsneytisspá Orkuspárnefndar 2005-2030 Upplýsingar frá OR um orkunotkun	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Orkunotkun (heild og á hvern íbúa)</li> <li>○ Tegund orkugjafa (óendurnýjanlega orku og endurnýjanlega orku)</li> </ul>	Stefnumið ASKR Reykjavík í mótun Stefnumörkun um sjálfbæra þróun til 2020 - Velferð til framtíðar	Nei - munu ekki breytast verulega vegna breytingum á svæðisskipulagi, þó orkuskipti í samgöngugeira eru líklega framundan.
4.5 Vatnsnotkun /vatnsbúskapur	Upplýsingar frá OR um vatnsnotkun	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Vatnsnotkun/íbúa</li> <li>○ Vatnsstöðu vatnsbóla?</li> <li>○ Þörf á nýjum vatnsbólum?</li> </ul>		Nei
4.6 Jarðefnanotkun	Upplýsingar um breytingar á byggingarmagni m.v. fyrir áætlanir svæðisskipulags.	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Fjölda náma?</li> </ul>		Nei. Breytingar eru ekki til þess fallin að auka efnisnotkun m.v. fyrri áætlanir.
4.7 Landslag/ásýnd		Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Náttúrulegt landslag (innan borgarmarka)?</li> <li>○ Ásýnd borgarinnar?</li> </ul>		Já. sérstaklega þarf í UMÁ fjalla um framtíðar ásýnd á iðnaðar, athafna og hafnasvæði, s.s. í Álfsnesi, og á Esjumelum. Einnig þarf að fjalla um jákvæð áhrif á tilteknu svæðum, s.s. Elliðaárvogi og Geldinganesi.
4.8 Sorp og fráveita	Upplýsingar frá Sorpu um framtíðaráætlanir um meðhöndlun og förgun úrgangs.	Hefur áætlun áhrif á: <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Sorpförgun, þ.e. landrymi og gæði umhverfis ?</li> <li>○ Nærleggjandi byggð og landnotkun?</li> </ul>		Já. Fjalla þarf um áhrif uppbyggingar í Álfsnesi, sérstaklega áform um sorpvinnslu og möguleg áhrif nærliggjandi byggð.